

STJÓRN SORPU BS.

Ár 2017, föstudaginn 15. desember 2017 var haldinn 382. fundur stjórnar SORPU bs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggðasamlagsins og hófst kl.12.00. Mætt voru Halldór Auðar Svansson, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Guðmundur Geirdal, Bjarni Torfi Álfþórsson, Sturla Þorsteinsson og Einar Birkir Einarsson. Rósa Guðbjartsdóttir boðaði forföll. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni Hjarðar og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Tilkynnt að Reykjavíkurborg stefni að því að úthluta SORPU lóð undir gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi í desember.
2. Lagt fram minnisblað vegna opnunartíma í Gufunesi um helgar og áhrif á rekstur Endurvinnslustöðva.
Samþykkt að móttökustöðin í Gufunesi verði opin kl. 10.00-12.00 á sunnudögum fyrir viðskiptamenn með viðskiptakort. Sunnudagsálag vegna þessarar þjónustu er 3.300 kr. per afgreiðslu án vsk. Breyttur opnunartími taki þegar gildi.
3. Fram fer kynning á niðurstöðum árlegrar könnunar meðal íbúa Leirvogstungu vegna lyktarmála.
4. Fram fer kynning á niðurstöðum árlegrar húsaorprannsóknar SORPU sem framkvæmd er í nóvember á hverju ári.
5. Fram fer kynning á hækkun á almennri gjaldskrá SORPU um 4,8% um næstu áramót sem kemur til vegna vísitölubreytinga.
Stjórn samþykkir að gjald fyrir móttöku úrgangs á endurvinnslustöðvum hækki úr 5.200 kr /rúmmeter í 5.400 kr/rúmmeter.
6. Fram fer kynning á niðurstöðum verslunarstjórnar vegna jólaúthlutunar Góða hirðisins. Alls sóttu 21 aðili um samtals styrki að upphæð 21,5 milljónir en til úthlutunar eru rúmlega 6,7 milljónir til 13 aðila.
7. Lagður fram samningur SORPU og Sorpstöðvar Suðurlands bs. um móttöku úrgangs af suðurlandi sem gildir til 1. janúar 2018. Stjórn staðfestir samninginn..
8. Samþykkt að næsti fundur verði 26. janúar kl. 07.30.

Fundi slitið kl. 14.20

Halldór Auðar Svansson

Guðmundur Geirdal
Sturla Þorsteinsson
Einar Birkir Einarsson

Bjarni Torfi Álfþórsson
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir